frá kaupgreiðsludegi, greiða beint til fógeta eða innheimtumanns útsvara, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgreiðanda. 41

16. febr.

Nú hefir úrskurði verið áfrýjað samkvæmt 4. gr., og frestar þá sú áfrýjun eigi skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir kaupi eða launum samkvæmt ákvæðum úrskurðarins, eða að greiða það fé til fógeta eða innheimtumanns útsvara.

7. gr.

Krafa um útsvar eftir úrskurði samkv. 3. grein gengur fyrir öðrum kröfum um hluta af ógreiddu kaupi gerðarþola, sem njóta myndu minni lagaverndar við skipti á búi hans.

8. gr.

Nú hefir kaupgreiðandi greitt út kaup eða laun útsvarsgreiðanda án þess að halda eftir upphæð, er úrskurður kvað á, að eftir skyldi haldið, eða hann greiðir eigi fógeta eða innheimtumanni, svo sem segir í 6. gr., fé er hann hélt eftir samkvæmt úrskurði, og má þá gera lögtak í eignum kaupgreiðanda fyrir því fé.

9. gr.

Því aðeins skal reglum þeim, sem hér eru settar beitt, að útsvarsgreiðandi sé fastur starfsmaður kaupgreiðanda þegar úrskurður samkv. 3. gr. er kveðinn upp, hvernig sem ráðningu eða kaupgreiðslu er hagað.

10. gr.

Fyrir fógetagerð þá, er fram fer samkvæmt 2. og 3. gr., skal greiða réttargjöld og vottagjöld, sem fyrir aðfarargerðir. Gjöld þessi og annan kostnað við gerðina greiði útsvarsgreiðandi og má kveða á í úrskurðinum, að þau skuli greidd af kaupi hans eða launum ásamt útsvarinu og dráttarvöxtum.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 106, 23. júní 1936, 29. gr., 3. mgr. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

# REGLUGERÐ 42

1. marz

## um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar.

### Áhættuflokkun.

Frá 1. marz 1937 ákveðst áhættuflokkun og iðgjöld fyrir slysatryggingar samkvæmt II. kafla laga nr. 26, 1. febr. 1936 þannig:

| | Aurar á viku |
|---|---|
| 1. áhættuflokkur | 15 |
| 2. — | 25 |
| 3. — | 40 |

42
1. marz

| | Aurar á viku |
|---|---|
| 4. áhættuflokkur | 60 |
| 5. — | 75 |
| 6. — | 100 |
| 7. — | 120 |
| 8. — | 150 |
| 9. — | 200 |
| 10. — | 300 |
| 11. — | 600 |
| 12. — | 2500 |

Vikan leggst til grundvallar, og er eining fyrir iðgjaldagreiðslunni, enda þótt kaupið sé miðað við ár, mánuð, dag eða klukkustund. Ef kaupið er tímakaup eða dagkaup reiknast 48 klukkustundir eða 6 dagar, sem ein vika (til 1. apríl 1936 taldist vikan 60 klukkustundir). Árið reiknast 52 vikur. Telja skal saman tíma allra þeirra, sem tryggðir eru í einu, en brot úr viku, sem þá verður afgangs, telst sem heil vika.

**Stafrófsskrá um iðgjaldaflokkun.**

| A. *Skyldutrygging.* | Áhættuflokkar | Vikugjald fyrir mann |
|---|---|---|
| Acetylengasgerð | 4. | 60 aurar |
| Afbeiting, sjá lóðabeiting. | | |
| Aflvélastjórn við jarðvinnu | 4. | 60 — |
| Áburðarverksmiðjuvinna | 6. | 100 — |
| Bátasmíðar, bátaviðgerðir | 4. | 60 — |
| Beinaþurrkun, sjá fiskúrgangsvinna. | | |
| Beiting, sjá lóðabeiting. | | |
| Belgjagerð | 3. | 40 — |
| Beykisstörf | 3. | 40 — |
| Bifhjólastjórn | 6. | 100 — |
| Bifreiðastjórn | 4. | 60 — |
| Bifreiðaviðgerðir | 4. | 60 — |
| Bjargfuglaveiðar, sjá bjargsig. | | |
| Bjargsig | 12. | 2500 — |
| Blikksmíðar: | | |
| a. án aflvéla | 3 | 40 — |
| b. í vélsmiðjum | 5. | 75 — |
| Bókbandsvinna | 1. | 15 — |
| Brauðgerð | 2. | 25 — |
| Bréfberastörf | 2. | 25 — |
| Brjóstsykurgerð | 3. | 40 — |
| Brúargerð | 6. | 100 — |
| Bryggjugerð | 6. | 100 — |
| Burstagerð | 1. | 15 — |
| Bæjarpóststörf | 2. | 25 — |
| Bæjarvinna ýmiskonar (ótilgreind annarsstaðar) | 4. | 60 — |
| Dúklagning | 2. | 25 — |
| Efnagerð | 2. | 25 — |
| Farsgerð, sjá pylsugerð. | | |
| Fatalitun, hreinsun og pressun | 2. | 25 — |
| Fiskaðgerð | 4. | 60 — |

*A. Skyldutrygging (frh.).*

| | Áhættuflokkar | Vikugjald fyrir mann |
|---|---|---|
| Fiskflökun | 4. | 60 aurar |
| Fiskherzla | 2. | 25 — |
| Fiskmat | 2. | 25 — |
| Fiskmjölsverksmiðjuvinna | 5. | 75 — |
| Fisksöltun | 3. | 40 — |
| Fiskúrgangsvinna | 3. | 40 — |
| Fiskþurrkun á reitum | 2. | 25 — |
| Fiskþurrkun í þurrkhúsum | 3. | 40 — |
| Fiskþvottur | 2. | 25 — |
| Frystihúsvinna | 4. | 60 — |
| Færaspuni | 2. | 25 — |
| Gasgerð (kolagas) | 3. | 40 — |
| Gasinnlagning (í húsum) | 2. | 25 — |
| Glergerð | 4. | 60 — |
| Glerslípun | 2. | 25 — |
| Gljávaxgerð | 3. | 40 — |
| Gosdrykkjagerð | 3. | 40 — |
| Grjótmulning | 6. | 100 — |
| Grjótsprenging | 6. | 100 — |
| Grjótnám | 6. | 100 — |
| Grjótvinna (önnur) | 4. | 60 — |
| Gufuskip: | | |
| a. Farþegaskip, varðskip, flóabátar (yfir 50 lestir) notaðir til mannflutninga (skipshöfn) | 7. | 120 — |
| b. Veiðiskip og flóabátar undir 50 lestir (skipshöfn) | 8. | 150 — |
| Gullsmíðar | 1. | 15 — |
| Gúmmíiðnaður | 3. | 40 — |
| Götuhreinsun, sjá bæjarvinna. | | |
| Götugerð | 4. | 60 — |
| Götuvinna (pípur, vír) | 4. | 60 — |
| Hafnargerð | 5. | 75 — |
| Hafnsögustörf | 7. | 120 — |
| Hálsbindagerð | 1. | 15 — |
| Hampiðja | 3. | 40 — |
| Hanzka-, húfu- og hattagerð | 1. | 15 — |
| Hitaleiðsluvinna (innanhúss) | 2. | 25 — |
| Hraðpressun, sjá fatalitun. | | |
| Hreinsun (ræsting) á skrifstofum, skipum o. fl. | 4. | 60 — |
| Hreinlætisvöruframleiðsla (þvottaduft, ræstiduft, fægilögur) | 3. | 40 — |
| Húsagerð (nýsmíði) | 4. | 60 — |
| Húsagerð, endurbætur, breytingar | 4. | 60 — |
| Húsgagnafóðrun | 2. | 25 — |
| Húsgagnasmíði: | | |
| a. án aflvéla | 3. | 40 — |
| b. í vélsmiðjum | 5. | 75 — |
| Hvalskurður | 5. | 75 — |
| Ísvinna | 4. | 60 — |
| Íshússtörf | 4. | 60 — |
| Jarðborun | 5. | 75 — |

42 *A. Skyldutrygging (frh.).*

1. marz

| | Áhættuflokkar | Vikugjald fyrir mann |
|---|---|---|
| Jarðvinna (jarðnám) | 4. | 60 aurar |
| Járnsmíði: | | |
| a. án aflvéla | 3. | 40 — |
| b. í vélsmiðjum | 5. | 75 — |
| Járnsteypa | 5. | 75 — |
| Kaffibrennsla | 4. | 60 — |
| Kaffibætisgerð | 4. | 60 — |
| Karfabræðsla | 6. | 100 — |
| Kertasteypa | 2. | 25 — |
| Kexgerð | 3. | 40 — |
| Klæðaverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald) | 4. | 60 — |
| Konfektgerð | 2. | 25 — |
| Kornmölun | 3. | 40 — |
| Kælihúsvinna | 4. | 60 — |
| Köfun | 10. | 300 — |
| Kökugerð (brauðgerð) | 2. | 25 — |
| Körfugerð | 1. | 15 — |
| Landpóstastörf | 6. | 100 — |
| Lakkrísgerð | 3. | 40 — |
| Línstofuvinna | 3. | 40 — |
| Leikfangagerð úr tré | 4. | 60 — |
| Leikfangagerð (úr öðru en tré) | 2. | 25 — |
| Lestavinna í skipum | 7. | 120 — |
| Ljósmyndagerð | 1. | 15 — |
| Logsuða | 5. | 75 — |
| Lóðabeiting og afbeiting | 6. | 100 — |
| Lýsisbræðsla | 5. | 75 — |
| Lögregluþjónastörf | 4. | 60 — |
| Málmhúðun | 3. | 40 — |
| Málarastörf | 4. | 60 — |
| Málgerð (litagerð) | 3. | 40 — |
| Mjólkurbússtörf | 4. | 60 — |
| Múrsléttun | 4. | 60 — |
| Múrvinna | 4. | 60 — |
| Námugröftur | 5. | 75 — |
| Netjagerð | 1. | 15 — |
| Netjagerð með vélum | 3. | 40 — |
| Niðursuða | 3. | 40 — |
| Olíufatagerð, sjá sjófatagerð. | | |
| Pakkhúsvinna, sjá vöruhúsvinna. | | |
| Pappírspoka- og pappírsgerð | 3. | 40 — |
| Pípulagningarvinna utanhúss | 4. | 60 — |
| Pípugerð | 3. | 40 — |
| Prentiðn | 2. | 25 — |
| Prjónastofuvinna | 1. | 15 — |
| Pylsu- og farsgerð | 2. | 25 — |
| Póstar, sjá landpóstastörf. | | |
| Raflampa- og lampahjálmagerð | 1. | 15 — |
| Raflagnir (í húsum) | 2. | 25 — |
| Raforkuframleiðsla | 4. | 60 — |

A. *Skyldutrygging (frh.).* 42
1. marz

| | Áhættu-flokkar | Vikugjald fyrir mann |
|---|---|---|
| Raforkuleiðsluvinna | 4. | 60 aurar |
| Reiðhjólaviðgerðir | 3. | 40 — |
| Reyking (reykingarhús) | 3. | 40 — |
| Rjómabússtörf | 4. | 60 — |
| Rotun skinna | 1. | 15 — |
| Róðrarbátar (skipshöfn) | 8. | 150 — |
| Ræsting, sjá hreinsun. | | |
| Sand- og malartaka | 4. | 60 — |
| Sápugerð | 3. | 40 — |
| Saumastofuvinna | 1. | 15 — |
| Seglasaumur | 1. | 15 — |
| Seglskip (skipshöfn) | 8. | 150 — |
| Sendistörf (sendisveinar) | 4. | 60 — |
| Silfursmíðar | 1. | 15 — |
| Síldarbræðsla | 6. | 100 — |
| Síldarverkun | 3. | 40 — |
| Símalagningarvinna | 4. | 60 — |
| Símaviðgerðir | 4. | 60 — |
| Sjóklæðagerð | 2. | 25 — |
| Skipasmíðar | 5. | 75 — |
| Skipaviðgerðir og viðhald | 5. | 75 — |
| Skóáburðarvinnsla | 3. | 40 — |
| Skógerð | 4. | 60 — |
| Skólppípulagning (við hús) | 4. | 60 — |
| Skósmíðar | 2. | 25 — |
| Slátrun | 6. | 100 — |
| Slökkviliðsstörf | 6. | 100 — |
| Smjörlíkisgerð | 3. | 40 — |
| Sokkabanda-, axlabanda- og sprotagerð | 2. | 25 — |
| Sorphreinsun | 4. | 60 — |
| Sóthreinsun (sótarar) | 5. | 75 — |
| Steinhögg | 5. | 75 — |
| Steinsteypa | 4. | 60 — |
| Súkkulaðigerð | 3. | 40 — |
| Sútun | 1. | 15 — |
| Söðlasmíðar | 2. | 25 — |
| Tollgæzla | 4. | 60 — |
| Trésmíðar: | | |
| a. án aflvéla | 3. | 40 — |
| b. í vélsmiðjum | 5. | 75 — |
| Ullarverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald) | 4. | 60 — |
| Uppskipun og útskipun á bátum og prömmum | 7. | 120 — |
| Uppskipun og útskipun við bryggju | 5. | 75 — |
| Úrsmíðar | 1. | 15 — |
| Varðstaða | 4. | 60 — |
| Vatnspípulagningar við húsasmíði | 2. | 25 — |
| Vatnsvirkjun | 5. | 75 — |
| Vegagerð | 4. | 60 — |
| Veggfóðrun | 3. | 40 — |
| Vélbátar yfir 12 lestir (skipshöfn) | 9. | 200 — |

42 A. *Skyldutrygging (frh.).*

1. marz

| | Áhættu-flokkar | Vikugjald fyrir mann |
|---|---|---|
| Vélbátar undir 12 lestir (skipshöfn) | 9. | 200 aurar |
| Vélagæzla | 5. | 75 — |
| Vélanámskeið | 5. | 75 — |
| Vikurvinnsla | 4. | 60 — |
| Vinnufatagerð | 2. | 25 — |
| Vitabyggingar | 4. | 60 — |
| Vitastörf | 4. | 60 — |
| Vöruflutningar (í sambandi við vöruhúsavinnu og skipaafgreiðslu) | 4. | 60 — |
| Vöruhúsavinna | 4. | 60 — |
| Þurrkhúsvinna, sjá fiskþurrkun. | | |
| Þvottahúsvinna | 3. | 40 — |
| Ölgerð | 5. | 75 — |

*B. Frjáls trygging.*

| | | |
|---|---|---|
| Búðarstörf, sjá verzlunarstörf. | | |
| Eldhússtörf | 2. | 25 — |
| Ferðalög á landi | 4. | 60 — |
| — á sjó, sjá sjóferðalög. | | |
| Fuglaveiðar á landi | 9. | 200 — |
| — á sjó, sjá sjófuglaveiðar. | | |
| Garðhleðsla | 3. | 40 — |
| Garðyrkja | 2. | 25 — |
| Gripahirðing | 2. | 25 — |
| Grjótmulning | 6. | 100 — |
| Grjótsprenging | 6. | 100 — |
| Grjótvinna (önnur) | 4. | 60 — |
| Heyvinna | 2. | 25 — |
| Hjúkrunarstörf | 1. | 15 — |
| — á geðveikrahælum | 2. | 25 — |
| Húsagerð og viðgerðir húsa: | | |
| a. Torfhús | 3. | 40 — |
| b. Steinhús og timburhús | 4. | 60 — |
| Innanhússtörf | 1. | 15 — |
| Innheimtustörf | 2. | 25 — |
| Jarðvinna (jarðnám) | 4. | 60 — |
| Jarðvinnsla: | | |
| a. með handverkfærum | 2. | 25 — |
| b. — hestaverkfærum | 3. | 40 — |
| Jarðyrkjustörf (túnyrkja, garðyrkja) | 2. | 25 — |
| Læknisstörf (héraðslæknar) | 4. | 60 — |
| — (aðrir læknar) | 2. | 25 — |
| Refahirðing á búum | 4. | 60 — |
| Refaveiðar | 8. | 150 — |
| Sjófuglaveiðar | 10. | 300 — |
| Sjóferðalög: | | |
| — með gufuskipum | 7. | 120 — |
| — — seglskipum | 8. | 150 — |
| — — róðrarbátum | 8. | 150 — |
| — — vélbátum (undir 12 lestir) | 9. | 200 — |

*B. Frjáls trygging (frh.).* 42 1. marz

| | Áhættu-flokkur | Vikugjald fyrir mann |
|---|---|---|
| Sjóferðalög með vélbátum (yfir 12 lestir) .......... | 9. | 200 aurar |
| Skipsströnd (björgunarstörf) ...................... | 11. | 600 — |
| Skrifstofustörf .................................. | 1. | 15 — |
| Skurðgröftur ..................................... | 3. | 40 — |
| Trésmíðar ........................................ | 3. | 40 — |
| Vegghleðsla ...................................... | 3. | 40 — |
| Verzlunarstörf (innanbúðar) ....................... | 1. | 15 — |
| Þjónustustörf, sjá innanhússtörf. | | |

Stytzti tryggingartími í frjálsri tryggingu er ein vika.

Þegar um tryggingu starfsmanna við önnur störf eða starfsgreinar er að ræða en að framan eru talin, heimilast Tryggingarstofnuninni að ákveða í hvaða áhættuflokk þau störf eða starfsgreinar skuli falla.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt II. kafla laga nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, útgefin 28. desember 1931.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. marz 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

# REGLUGERÐ

43 17. marz

## um barnapróf.

1. gr.

Prófskyld eru öll börn, sem verða 8 ára á árinu og þar til þau hafa staðizt fullnaðarpróf (sbr. þó 12. gr.). Undanþágu má eigi veita frá prófi, nema sakir sjúkleika, sem sannaður er með vottorði læknis, eða af öðrum knýjandi ástæðum, sem skólastjóri (kennari) tekur gildar.

2. gr.

Próf skal halda að vorinu í lok námstíma 10—14 ára barna og þó ekki fyrr en 1. apríl. Landspróf eru undanþegin þessu ákvæði.

3. gr.

Komi prófskylt barn ekki til prófs án gildra forfalla, skal sækja það til prófs eða prófa það á heimili þess á kostnað forráðamanns (heimilisföður). Sé um mótþróa að ræða, er heimilt að leita aðstoðar lögreglustjóra og beita dagsektum, 2—5 kr., eftir úrskurði valdsmanns.

4. gr.

Kunnátta 10 ára barna skal sérstaklega athuguð í lestri, skrift og reikningi. Sé ástæða til þess að ætla, að barn verði ekki læst 10 ára, skal skólanefnd í samráði við skólastjóra (kennara) annast um, að úr því verði bætt með sérstakri fræðslu.